



Minnisblað - breyting á 16. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs

Ný samþykkt um meðhöndlun úrgangs var samþykkt og birt í Stjórnartíðindum árið 2023, fyrst allra sveitarfélaga eftir umfangsmiklar breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs. Komið hefur í ljós að ákvæði 16. gr. samþykktarinnar, um gjaldtöku, mættu vera skýrari og einfaldari. Þau eru jafnframt hamlandi ef breyta þarf gjaldskránni að einhverju leyti.

Færi því best á því að einfalda ákvæðið, hafa það almennara og skýrara, með hliðsjón af lögunum, og er jafnframt horft til 2. mgr. 7. gr. samþykktar Skagabyggðar í þeim efnum (þeirri einu sem er birt eftir gildistöku nýju laganna utan Ísafjarðarbæjar).

Núgildandi ákvæði 16. gr. samþykktarinnar er svohljóðandi:

16. gr. *Gjaldtaka.*

Bæjarstjórn ákvarðar og innheimtir gjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs samkvæmt gjaldskrá sem sett er í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá er Ísafjarðarbær heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi m.a. uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

Vegna alls atvinnuhúsnaðis í dreifbýli, íbúðarhúsnaðis, þar sem ekki er búið allt árið um kring og þar sem aðgengi að íbúðarhúsnaði í dreifbýli til söfnunar sorps telst óaðgengilegt, er greiddur kostnaður eftir rúmmáli íláta (rúmmálgjald), sem og fast gjald vegna reksturs grenndar- og söfnunarstöðva og annars fasts kostnaðar (fastagjald). Sama á við um atvinnuhúsnaði í þéttbýli þar sem Ísafjarðarbær sér um hirðingu heimilisúrgangs. Vegna annars húsnaðis í þéttbýli og dreifbýli er aðeins greitt fastagjald.

Vegna allra skilgreindra sumarhúsa, samkvæmt skráning í fasteignaskrá, og íbúðarhúsnaðis með takmarkaðri íveru vegna snjóflóðahættu, er greiddur helmingur fastagjalds eins og það er á hverjum tíma.

Gjöld skulu innheimt sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, svo sem með því að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. Gjöld skulu ekki vera hærri en sem nemur þeim kostnaði sem til fellur við meðhöndlun úrgangs, veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits.

Gjöld fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs innheimtast með fasteignagjöldum og á sömu gjald-dögum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu. Gjald fyrir íbúðir í fjöleignarhúsi er innheimt í hlutfalli við fermetrafjölda hversar íbúðar af heildarkostnaði fasteignarinnar. Óski eigandi fasteignar eftir breytingu á fjölda eða stærð íláta tekur breyting á gjaldheimtu gildi frá og með næsta mánuði eftir afhendingu. Innheimta vegna ýmissa aukagjalda er eftir á við næstu mánaðamót.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísað til þessarar samþykktar.

Lagt er til að breyting verði á 2.-4. mgr. ákvæðisins á eftirfarandi hátt:

16. gr.

Gjaldtaka.

Bæjarstjórn ákvarðar og innheimtir gjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs samkvæmt gjaldskrá sem sett er í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá er Ísafjarðarbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi m.a. uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

Við ákvörðun gjaldsins skal miða við magn úrgangs, þ.e. stærð og fjölda íláta, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila, auk kostnaðar sveitarfélagsins fyrir aðra þætti við meðhöndlun úrgangs, sbr. 2. mli. 1. mgr. 16. gr. samþykktarinnar. Sveitarfélaginu er heimilt að ákveða gjaldið sem fast gjald annars vegar og breytilegt gjald hins vegar á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpiláta, þjónustustig og fastan kostnað við rekstur innviða. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, íbúðarhús, lögbýli, frístundahús, útihús, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu og staðsett er í sveitarfélaginu.

Vegna alls atvinnuhúsnæðis í dreifbýli, íbúðarhúsnæðis, þar sem ekki er búið allt árið um kring og þar sem aðgengi að íbúðarhúsnæði í dreifbýli til söfnunar sorps telst óaðgengilegt, er greiddur kostnaður eftir rúmmáli íláta (rúmmálgjald), sem og fast gjald vegna reksturs grenndar og söfnunarstöðva og annars fasts kostnaðar (fastagjald). Sama á við um atvinnuhúsnæði í þéttbýli þar sem Ísafjarðarbær sér um hirðingu heimilisúrgangs. Vegna annars húsnæðis í þéttbýli og dreifbýli er aðeins greitt fastagjald.

Vegna allra skilgreindra sumarhúsa, samkvæmt skráning í fasteignaskrá, og íbúðarhúsnæðis með takmarkaðri íveru vegna snjóflóðahættu, er greiddur helmingur fastagjalds eins og það er á hverjum tíma.

Gjöld skulu innheimt sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, svo sem með því að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila og skulu gjöld ekki vera hærrí en sem nemur þeim kostnaði sem til fellur við meðhöndlun úrgangs, veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits.

Gjöld fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs innheimtast með fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu. Gjald fyrir íbúðir í fjöleignarhúsi er innheimt í hlutfalli við fermetrafjölda hverrar íbúðar af heildarkostnaði fasteignarinnar. Oski eigandi fasteignar eftir breytingu á fjölda eða stærð íláta tekur breyting á gjaldheimtu gildi frá og með næsta mánuði eftir afhendingu. Innheimta vegna ýmissa aukagjalda er eftir á við næstu mánaðamót.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísað til þessarar samþykktar.

Rautt letur er nýr texti, yfirstrikaður tekinn út.

Önnur ákvæði 16. gr. yrðu óbreytt (en færast upp sem nemur 3. mgr. sem fellur út með nýju ákvæði 2. mgr.

Lagt er til við bæjarráð að vísa breytingum á samþykktum þessum til afgreiðslu í umhverfis- og framkvæmdanefnd, en bæjarstjórn fer með lokaákvörðunarvald.